

Sp. 618. Tillaga til þingsályktunar [153. mál]

um kosningu fulltrúa á ráðgjafarþing Evrópuráðsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

Alþingi ályktar að kjósa í sameinuðu Alþingi 3 fulltrúa til þess að sitja fyrir Íslands hönd ráðgjafarþing Evrópuráðsins, er saman kemur í Strasbourg í ágústmánuði næstkomandi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 7. febrúar s. l. samþykkti Alþingi þingsályktun um þátttöku Íslands í Evrópuráðinu, og var stofnuninni síðan afhent aðildarskjal Íslands.

Ráðgjafarþing Evrópuráðsins kemur saman í Strasbourg í ágústmánuði næstkomandi, og á Ísland rétt á að senda þangað 3 fulltrúa. Í 25. gr. stofnskrár Evrópuráðsins segir, að ráðgjafarþingið skuli skipað fulltrúum hvers þáttökuríkis, er tilnefndir séu samkvæmt því, er ríkisstjórn þess kann að ákveða. Ríkisstjórnin telur eðlilegt, að Alþingi kjósi fulltrúa þessa, og er því þingsályktunartillaga þessi fram borin.